

Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands, haldinn í sal Tannlæknafélags Íslands, að Síðumúla 35, 108 Reykjavík, þann 11. maí 2012, kl. 16:00

FUNDARGERÐ

Gögn sem lágu fyrir fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

Ársreikningur ársins 2011

Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra, ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófataki.

Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi og Valgeir Geirsson starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar – Sigurgísli Ingimarsson, stjórnarformaður
2. Ársreikningur 2011 – Gunnar S. Þorvarðarson, endursk. PwC
3. Fjárfestingastefna 2012 – Halldór Kristinsson, framkvæmdastjóri
4. Tryggingafræðileg úttekt 2011 – Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfr.
5. Kosning stjórnarmanna
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Ákvörðun um laun stjórnar
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál

Á fundinn voru mættir 24 sjóðfélagar sem áttu samtals 14,7% af atkvæðarétti.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður skýrði frá því að síðastliðið ár hafi verið árangurs og viðburðaríkt. Vel gekk að ávaxta sjóðinn en hrein raunávöxtun séreignardeildar var 5,92 % miðað við vísitölu neysliverðs á meðan sameignardeildin var með 2,24 % raunávöxtun miðað við vísitölu neysliverðs. En samanburður á þessum deildum gefur ekki að fullu rétta mynd þar sem raunstaða sameignardeildar er mun betri þar sem skuldabréf deildarinnar eru gerð upp á kaupkröfu en ekki markaðskröfu. Ef svo væri ekki hefði ávöxtun deildanna verið ámóta. Formaður sagði að eignasöfn beggja deilda sjóðsins væru traust og allar kennitölur úr rekstrinum afar jákvæðar.

Formaður ræddi um ytri aðstæður í Þjóðfélaginu og lét í ljós áhyggjur af takmörkuðum ávöxtunarmöguleikum sjóðsins vegna gjaldeyrishafta, lítils hlutabréfamarkaðar innanlands og hættu á ofmati á þeim fáu félögum sem eru í boði. Þetta takmarkar enn fremur möguleika lífeyrissjóða til að dreifa áhættu.

Formaður sagði frá fullnaðarsigri í málaferlum sjóðsins gegn þrotabúi gamla Landsbankans (GLÍ) er varðaði endurheimtur eigna úr Landsbankinn Mezzanine Fund og greiddust því til LTFÍ helmingur þeirra eigna sem sjóðurinn átti í þessum hlutdeildarskírteinum og var það fé notað til endurfjárfestingar erlendis. Sá hluti þessara eigna sem eftir standa munu síðan greiðast til sjóðsins á komandi árum allt til ársins 2016. Stjórnin mun áfram vera með varúðarniðurfærslu vegna þess sem sjóðurinn á eftir að fá greitt.

Formaður fjallaði um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins en hún er mjög góð og minnti formaðurinn fundarfesti á að LTFÍ hefur aldrei frá efnahagshruninu 2008 þurft að skerða réttindi sjóðfélaga enda er sjóðurinn einn sárafárna lífeyrissjóða landsins með jákvæða tryggingafræðilega stöðu.

Formaður fjallaði um tilgang og störf endurskoðunarnefndar.

Sagt var frá ítarlegri úttekt á starfssemi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008 af nefnd sem skipuð var af ríkissáttasemjara. Formaður áréttaði að LTFÍ hafi verið langt frá því að koma verst út úr þessu hruni, þó svo að margir hafi haldið fram hinu gagnstæða. Formaður hvatti félagsmenn til að kynna sér efni skýrslunnar.

Fram kom í máli formanns að vegna sérstöðu sjóðsins hvað séreignarstefnu og erfanleika eigna varðar, hefur stjórn LTFÍ algerlega lagt til hliðar allar vangaveltur um samruna eða sameiningu við aðra lífeyrissjóði. Óbreytt fyrirkomulag muni því verða á rekstri sjóðsins um sinn og hann því áfram í rekstri hjá Landsbankanum þó svo að stjórn LTFÍ leiti ávallt leiða til að finna rekstri sjóðsins sem allra hagstæðastan farveg, þannig að ávöxtun eigna sjóðfélaga verði með sem allra besta móti.

Formaður fjallaði um kynningarstarf á sjóðnum, sem skilað hefur því að nú er sjóðfélögum tekið að fjölga í sjóðnum.

Formaður lýsti yfir áhyggjum af auknum álögum á lífeyrissjóðina en á árinu 2011 voru lagðir rúmlega 1,6 milljarðar á lífeyrissjóðina vegna fyrirframgreiðslu tímabundins eignaskatts, eftirlitsgjalds til Fjármálaeftirlitsins og gjalds sem sjóðunum ber að greiða til Umboðsmanns skuldara. Þessar álögur aukast svo enn með greiðsluskyldu til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Formaður minntist á að um leið og rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins hefur aukist um 70% hefur umfang fjármálastofnana á Íslandi minnkað um 80%, en hvergi meðal nágrannaríkja landsins er þessi rekstrarkostnaður jafnhár.

Formaður sagði frá áformum stjórnvalda um skatt; sem hann telur ólöglegan, á lífeyrissjóðina og tilboði þeirra um að falla frá honum gegn sölu lífeyrissjóðanna á erlendum eignum sem LTFÍ afþakkaði með öllu. Enn fremur lýsti formaður yfir áhyggjum af ýmsum hugmyndum um umbyltingu lífeyrissjóðakerfisins.

Sagt var frá því að um mitt síðasta ár ákvað sérstakur saksóknari að hætta rannsókn á þeim málum er snerta LTFÍ en Fjármálaeftirlitið sætti sig ekki við þessa niðurstöðu og kærði hana til ríkissaksóknara sem vísaði málinu aftur til sérstaks saksóknara.

Að lokum þakkaði formaður öðrum stjórnarmönnum og rekstraraðila sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og nefndi sérstaklega Halldór Kristinsson, framkvæmdastjóra sjóðsins.

2. Ársreikningur 2011

Fundarstjóri gaf því næst orðið, Gunnari S. Þorvarðarsyni, löggiltum endurskoðanda, og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2011. Ársreikningurinn er í tvennu lagi, en fjallað er bæði um sameignar- og séreignardeild sjóðsins í reikningnum. Gerði Gunnar fyrst grein fyrir skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra og sagði hann áritun endurskoðanda á ársreikninginn vera án fyrirvara. Því næst vék Gunnar að lykiltölum í ársreikningnum, fór yfir rekstrareikning og efnahagsreikning deilda sjóðsins. Gunnar kvað hreina ávöxtun á eignum séreignardeildarinnar hafa verið 5,92% miðað við vísitölu neysluverðs. 5 ára ávöxtun -2,39%. Skýra má allan mun á ávöxtun séreigna og sameignardeildar með mismunandi uppgjörsaðferðum.

Jafnframt kom fram í máli Gunnars að rekstrarkostnaður sjóðsins hefði lækkað á liðnu ári um ríflega 2,2 mkr. Spurt var um sérstakan skatt á lífeyrissjóði, en hann var um 430 þ. kr. fyrir 2011 vegna sameignardeildar.

Fram kom að breyting varð á uppgjörsaðferð þar sem nú er áætlað fyrir ógreiddum iðgjöldum hjá sameignardeild sem ekki var áður.

Ef skuldabréf sameignardeildar væru metin á markaðsvirði eins og hjá séreignardeild, þá myndi hrein eign sameignardeildar hækka um 45,8 mkr. eða 8,7%.

3. Fjárfestingastefna 2012

Fundarstjóri gaf næstum orðið, Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins. Halldór gerði almennt grein fyrir eignasamsetningu og ávöxtun sjóðsins fyrir árið 2011. Fram kom í máli hans að fjárfestingarstefna sjóðsins hefði verið samþykkt á stjórnarfundi þann 17. nóvember 2011 og gerði hann jafnframt grein fyrir þeim grundvallaratriðum sem liggja að baki henni. Markmið stefnunnar til lengri tíma væri 4-5% raunávöxtun með lítilli áhættu. Jafnframt kom fram í máli Halldórs að fjárfestingarumhverfi sjóðsins hefði lítið breyst á liðnu ári og að enn um sinn væru stærstu eignaflokkarnir innlán og ríkisskuldabréf. Stefnan fyrir 2012 er óbreytt á fyrra ári. Gerði Halldór því næst grein fyrir þeim mun sem væri á fjárfestingastefnum á séreignar- og sameignardeilda sjóðsins, en eini munurinn á deildunum væri í raun sjóðsfélagalán.

Fór Halldór svo yfir þær útgreiðsluleiðir sem eru í boðið hjá sjóðinum. Leið 4 þar sem taka lífeyris hefst við 85 ára aldur er fjölmennust en nýliðun er mest í leið 1 þar sem taka lífeyris hefst við 70 ára aldur. Halldór fór yfir aldursdreifingu sjóðsfélaga en meðalaldur sjóðsfélaga er nokkuð hár. 85% af eignum sjóðsins eru í séreignadeild.

Halldór gerði jafnframt grein fyrir árinu 2011 í hnotskurn. Fram kom í máli hans að vextir hefðu náð lágmarki á árinu og Seðlabankinn hafið hækkunarferli vegna vaxandi verðbólguvæntinga og aukinna umsvifa í þjóðfélaginu. Halldór sagði frá helstu fjárfestingum sjóðsins sem hafa verið í innlendum skuldabréfum en einnig hefur sjóðurinn fjárfest í hlutabréfum og þá aðallega í hlutabréfum Icelandair hf.

Halldór vék einnig að erlendum hlutabréfamörkuðum en alþjóðleg hlutabréf lækkuðu nokkuð í heimamynt á árinu en veiking krónunnar varð til þess að eignaflokkurinn lækkaði aðeins lítils háttar, mælt í krónum. Halldór bar því næst saman ávöxtun sjóðsins síðustu þrjú ár saman við aðra lífeyrissjóði en sjóðurinn kemur ágætlega út úr þeim samanburði.

Að endingu gerði Halldór grein fyrir ávöxtun liðins árs og sagði hann árið 2012 hafa farið mjög vel af stað, sem rekja má til hækkunar á hlutabréfum og skuldabréfum.

4. Tryggingafræðileg úttekt 2011

Fundarstjóri gaf Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi, næstum orðið og gerði Bjarni lauslega grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2011. Gat Bjarni þess að úttektin væri aðgengileg í ársreikningi á heimasíðu sjóðsins og fundarmenn gætu glöggvað sig betur á henni þar. Bjarni gerði einnig grein fyrir reikniforsendum úttektarinnar og aðferðum. Kom jafnframt fram í máli Bjarna að úttektin sneri eingöngu að sameignardeild sjóðsins. Bjarni gerði því næst grein fyrir heildareignum og skuldbindingum sjóðsins. Fram kom í máli Bjarna að eignir sjóðsins væru samtals 1.086,4 milljónir króna og næmu skuldbindingar hans 1.057,6 milljónum króna. Áfallin staða sjóðsins hefði batnað töluvert milli ára, eða í 2,8% úr 0,7% og heildarstaða skuldbindinga hans væri nú 2,7% en hefði verið 2,4% á sama tíma í fyrra.

Bjarni vék því næst að ávöxtunarforsendum sjóðsins, og væntanlegum útgjöldum sjóðsins í framtíðinni og aldri sjóðsfélaga í því sambandi. Að sögn Bjarna eru horfur sjóðsins góðar, nægir peningar til fyrir útgjöldum framtíðarinnar. Sjóðurinn væri meðal fárra sjóðs, þar sem horfur væru almennt góðar og hefði rekstur hans gengið vel á liðnu ári. Bjarni vék því næst að ávöxtunarforsendu sjóðsins, sem er 3,5%. Sagði hann að þessi tala væri bara viðmið í rekstrinum á hverjum tíma, setti hana í samræmi við viðmið annarra sjóða. Það væri í raun og veru ekki forsendan sem skipti máli, heldur hvernig gengi hjá forsvarsmönnum sjóðsins að ávaxta það sem í honum væri.

Fundarstjóri, sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.

Hannes spurði um frekari gjöld sem lögð væru á sjóðinn og þá sérstaklega gjald til starfsendurhæfingarsjóðs, svaraði Halldór Kristinsson því til að sjóðurinn myndi byrja greiða í VIRK endurhæfingarsjóð í byrjun júlí.

5. Kosning stjórnarmanna

Kjósa þurfti um tvo stjórnarmenn til tveggja ára. Fráfarandi stjórnarmenn; Sigurgísli Ingimarsson og Gísli Vilhjálmsson gáfu báðir kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og kusu fundarmenn þá einróma með lófataki.

Stjórn sjóðsins skipa því Sigurgísli Ingimarsson, Gísli Vilhjálmsson, Hallur Halldórsson, Sæmundur Pálsson og Heiðdís Halldórsdóttir

6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögurnar sem dreift hafði verið með fundargögnum.

Í meginatriðum fjölluðu samþykktarbreytingarnar um möguleikan á að senda sjóðfélögum rafræn yfirlit, auknar kröfur á örorkulífeyrisþegar að útvega sjóðinum upplýsingar um tekjur sínar og breytingu á tilhögun lífeyrisgreiðslna, þar opnað var á heimildir til sjóðsins að greiða út réttindi í eingreiðslu ef þau eru undir ákveðnum mörkum.

Auk þess kom fram tillaga frá tryggingafræðingi sjóðsins, með vísan í grein 8.7. samþykktá sjóðsins, um breytingar á réttindartöflum.

Fundarstjóri kallaði eftir umræðum en enginn óskaði eftir að fá að ræða tillögurnar.

Samþykktabreytingarnar voru bornar upp og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Formaður stjórnar gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna. Samkvæmt henni skulu stjórnarlaun hækka um 15%. Þau yrðu að lokinni hækkun 20.873kr. á mánuði fyrir stjórnarmann og fimmföld sú upphæð eða 104.362 kr. á mánuði fyrir stjórnarformann. Fram kom í máli stjórnarformanns, að þetta væri sanngjörn tillaga að hans mati, vinnan væri ærin. Stjórnarmenn hefðu jafnvel þurft að fórna stofutíma sínum til að sinna þessum störfum. Þóknunin væri jafnframt mjög sanngjörn miðað við aðra sjóði.

Fundarstjóri innti fundarmenn eftir því hvort einhver væri á móti þessari tillögu. Svo reyndist ekki vera og var hún því samþykkt með afgerandi meirihluta (12-2).

7. Kjör endurskoðanda

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um kjör endurskoðanda sjóðsins árið 2012. En stjórnin gerir það að tillögu sinni að endurskoðandi sjóðsins fyrir árið 2012 verði PwC, að því tilskyldu að samningur náist milli stjórnar og PwC. Fundarstjóri bað fundarmenn að gefa merki um afstöðu þeirra til tillögunnar.

Að því loknu gáfu fundarmenn merki, enginn var á móti og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Önnur mál

Sigurgísli tók til máls og ræddi um að FME fari nú fram á að stjórnarmenn taki próf, töluvert próf sem fylgi mikil vinna. Boðið er upp á námskeið til undirbúnings en það hentar tannlæknum illa og er kostnaðarsamt. Sigurgísli fór fram á að ef stjórnarmenn verði kallaðir til slíks prófs verði undirbúningur á frídögum og kostnaður greiddur af sjóðnum. Ef þetta verði ekki samþykkt þurfi sjóðurinn að ráða utanaðkomandi sérfræðinga til að sitja í stjórn og það yrði töluvert kostnaðarsamara fyrir sjóðinn en framangreind tillaga.

Jón Björn tók til máls og studdi tillöguna og sagði hana mjög sanngjarna og sjálfsagða.

Björn Ragnarsson kom með athugasemd úr sal og lýsti því yfir að þetta væri mál stjórnar en ekki ársfundar.

Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn: Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlækna 2012 leggur til lífeyrissjóðurinn standi straum af kostnaði við námskeið til undirbúnings prófs hjá FME.

Tillagan var samþykkt með einu mótatkvæði (Birgir Jóhannsson).

Magnús Kristinsson spurði um upplýsingagjöf til maka og aðra aðstandendur við fráfall sjóðsfélaga. Halldór svaraði með því að Landsbankinn léti aðstandendur vita um réttindi sjóðsfélaga við andlát og benti ennfremur sjóðsfélögum á að leita til lífeyrisráðgjafar Landsbankans vegna upplýsinga um réttindi og lífeyrismál almennt.

Birgir Jóhannsson spurði úr sal hvort nokkur möguleiki væri á að tap 2008 komi til baka til tannlækna. Halldór Kristinsson svaraði því til að það væri þegar að hluta komið til baka en mesta tapið var vegna hlutabréfa og krafna á banka sem koma aldrei til með að endurheimtast.

Gísli Vilhjálmsson tók til máls og benti mönnum á að kynna sér skattalegt hagræði að því að taka séreign ekki út fyrr en þeir væru hættir að vinna og gætu þá nýtt skattkortið sitt.

Sigurgísli Ingimarsson benti fundarmönnum á að íslenskir lífeyrissjóðir töpuðu álíka mikið og lífeyrissjóðir annars staðar í heiminum. Ennfremur lagði hann áherslu á að menn tækju ekki út frjálsa séreign fyrr en þeir hættu að vinna. Sigurgísli lýsti yfir áhyggjum af ásælni stjórnmalamanna í lífeyrissparnað.

Þannig farið fram og fundi slitið kl. 17:36